

# Starfsreglur Fimleikasambands Íslands

## I. KAFLI

### Markmið. Val í fastanefndir.

#### 1. gr.

##### Markmið og tilgangur

Í reglum þessum er að finna starfsreglur fastanefnda Fimleikasambands Íslands (FSÍ) sem stjórn hefur ákveðið.

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar samkvæmt lögum og reglum sambandsins. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald og er þeim óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbinda sambandið fjárhagslega. Nefndarmenn vinna sem sjálfboðaliðar í nefndum FSÍ og þiggja ekki greiðslur fyrir.

Nefndamenn í nefndum á vegum FSÍ sækja umboð sitt til stjórnar FSÍ og getur stjórn afturkallað það umboð gagnvart einstaka nefndarmanni og eða nefnd í heild sinni og skipað annan nefndarmann í hans stað og eða alla nefndarmenn ef því er að skipta.

#### 2. gr.

##### Val í fastanefndir

Á fyrsta stjórnarfundum eftir fimleikabætur skipar stjórn í eftirtaldar fastanefndir sambandsins:

- fimm manna tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)
- fimm manna tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)
- fimm manna tækninefnd í hóp fimleikum (THF)
- fimm manna fræðslunefnd
- fimm manna nefnd um fimleika fyrir alla
- þriggja manna nefnd um fjáröflunar- og markaðsmál.
- þriggja manna Aga-og siðanefnd
- fimm manna heilbrigðisnefnd

Stjórn skipar formenn ofangreindra nefnda.

Aðildarfélögum er heimilt að senda stjórn tilnefningar um nefndarmenn í fastanefndir sambandsins. Jafnframt getur hver sem hefur áhuga á að starfa í nefndum á vegum FSÍ gefið kost á sér til nefndarstarfa með því að senda upplýsingar um slíkt til skrifstofu FSÍ fyrir 1. júlí ár hvert, ásamt upplýsingum um hæfni til nefndarstarfa eftir því sem við á.

Auk ofangreindra nefnda sem skipaðar eru af stjórn er starfandi laganefnd hjá FSÍ sem skipuð er á þingi.

## II. KAFLI

### Tækninefndir FSÍ

### 3. gr.

#### *Almennt*

Innan FSÍ starfa þrjár tækninefndir: tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK), tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV) og tækninefnd í hóp fimleikum (THF), sameiginlega nefndar tækninefndir FSÍ í reglum þessum.

### 4. gr.

#### *Skipan*

Hver tækninefnd er skipuð fimm fulltrúum; alþjóðlegum dómurum eða dómurum ef þess er nokkur kostur. Leitast skal við að formaður hverrar nefndar sé alþjóðlegur dómari sé þess kostur. Starfstímabil nefndarinnar er 2 ár og miðast við kjör formanns FSÍ. Láti nefndarmaður af störfum fyrir þann tíma, leitast stjórn við að finna aðila í hans stað.

Stjórnarmönnum er heimilt að sitja fundi tækninefnda með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndirnar geta boðað til fundar einstaka starfsmenn og eða sjálfboðaliða FSÍ, sem og aðra þá sem þær telja þörf á hverju sinni.

Tækninefndir geta í sérstökum tilfellum skipað vinnuhópa um afmörkuð og tímabundin verkefni, í samráði við stjórn FSÍ. Slíkum hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra vinnuhópa fyrirfram til stjórnar.

### 5. gr.

#### *Verksvið*

Tækninefnd mótar stefnu FSÍ í þeirri grein sem fellur undir starfssvið nefndarinnar, leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að bættum árangri iðkenda.

Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni.

Tækninefndir hafa með höndum m.a. eftirfarandi verkefni:

- a) Gerir tillögur til stjórnar um stefnu FSÍ í greininni.
- b) Vinnur markvisst að því að fjölga íslenskum dómurum og auka við menntun þeirra.
- c) Mennta dómara og hefur umsjón með starfsemi dómara í samræmi við tæknilegar reglugerðir, Code of points og aðrar reglugerðir sem störf þeirra kunna að falla undir.
- d) Er stjórn FSÍ til ráðgjafar um keppnisgrein/sýningargrein, þróun hennar og stefnumótum innanlands sem utan.
- e) Endurskoðar og endurmetur íslenska fimleikastigann, sýningarreglur og keppnisreglur þegar við á og leggur tillögur til stjórnar þar um til samþykktar.
- f) Endurskoðar og endurmetur móta- og keppnisreglur FSÍ í upphafi nýrrar Ólympíuöðu. Hefur eftirlit með að FSÍ mót séu framkvæmd samkvæmt þeim í samstarfi við skrifstofu FSÍ.
- g) Yfirfer mótaskipulag, undirbúið af skrifstofu FSÍ og kemur með athugasemdir innan þess tímaramma sem gefinn er.
- h) Gerir tillögu að keppnisformi og innihaldi FSÍ móta og leggur fyrir stjórn til samþykktar, eigi síðar en 1. september ár hvert í skjali sem kallað er kröfur móta.
- i) Gerir tillögu um kröfur og lágmark á mótum sambandsins fyrir komandi keppnistímabil og leggur fyrir stjórn til samþykktar, eigi síðar en 1. september ár hvert.
- j) Hefur eftirlit með að áhöld og umgjörð keppni lúti þeim kröfum sem gerðar eru, á þeim mótum sem við á (A-B-C skipting FSÍ móta).

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi falli undir verksvið tækninefnda ber að vísa til stjórnar.

6. gr.

*Verkstjórn og verkaskipting*

Formaður tækninefndar er í forsvari fyrir nefndina og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verksviði nefndarinnar. Framkvæmdarstjóri FSÍ, í samvinnu við skrifstofu, ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og rekstri nefndanna.

7. gr.

*Boðun funda og fundarsköp*

Tækninefnd skal koma saman eins oft og þurfa þykir, en að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Formaður tækninefndar annast útsendingu fundarboðs og skal dagskrá fylgja fundarboði. Skrifstofa FSÍ skal fá afrit af fundarboðun og dagskrá fundar. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Fundardaga skal að jafnaði ákveða að hausti og senda meðlimum og skrifstofu með tölvupósti. Þó er leyfilegt, ef aðstæður krefjast þess, að boða aukafund með minnst sólarhrings fyrirvara. Í slíku tilviki skal útbúa sérstakt fundarboð þar sem efni fundar kemur fram og tryggja að allir meðlimir nefndarinnar og skrifstofa hafi vitneskju um fundinn.

Falli reglulegur fundur tækninefndar niður skal tilkynna nefndarmönnum og skrifstofu það sérstaklega með tölvupósti.

Formaður tækninefndar stýrir fundi, eða úthlutar til annars nefndarmeðlims. Formaður ákveður dagskrá hvers fundar og skal hver nefndarmaður eiga rétt á því að mál verði tekin fyrir á fundi nefndar enda ber hann fram ósk þar að lútandi innan hæfilegs frests áður en fundarboð er sent til nefndamanna.

8. gr.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða*

Tækninefnd skal halda fundargerð um það sem fram fer á nefndarfundum og skulu þær undirritaðar af þeim sem hann sitja. Bókanir í fundargerðir skulu a.m.k. innihalda:

- a) Fundartíma og fundarstað
- b) Hvaða nefndarmenn eru mættir
- c) Hver stýrir fundi
- d) Hver ritar fundargerð
- e) Dagskrá fundarins
- f) Ákvarðanir sem teknar eru
- g) Hvort nefndarmaður hefur vikið sæti vegna hæfis og ástæður þess
- h) Ákvörðun um næsta nefndarfund ef hún liggur fyrir í lok fundar.

Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta lýsingu um afstöðu sína til ákvarðana sem teknar eru á nefndarfundum.

Fundarritari skal senda afrit fundargerðar til nefndarmanna og skrifstofu eigi síðar en viku eftir nefndarfund. Það sama á við um nefndarálit og erindi sem nefnd beinir til stjórnar.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Óheimilt er að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af nefndarstarfi.

Formanni er heimilt, með samþykki nefndar, að boða gesti á nefndarfund ef nauðsynlegt er vegna afgreiðslu einstakra dagskrárliða. Formaður skal kynna gestum starfshætti nefndarinnar hvað varðar þagnarskyldu.

9. gr.  
*Sérstakt hæfi*

Nefndarmenn skulu víkja sæti ef fjallað er um málefni sem valda því að draga megi óhlutdrægni þeirra með réttu í efa. Skulu nefndarmenn þá ætíð víkja af fundi meðan umræða og afgreiðsla málsins stendur og skal þess getið með skýrum hætti í fundargerð. Ef ljóst er fyrirfram að nefndarmaður sé vanhæfur við afgreiðslu máls skal þess gætt að viðkomandi fái ekki fundargögn vegna þess máls ella skal nefndarmaður eyða gögnum um leið og ljóst verður að viðkomandi er vanhæfur vegna tiltekins máls. Formaður sker úr um hæfi einstakra nefndarmanna.

**III. KAFLI**  
**Aðrar fastanefndir FSÍ**

10. gr.  
*Skipan fræðslunefndar*

Fræðslu- og útbreiðslunefnd er skipuð fimm nefndarmönnum.

Fræðslunefnd skal skipuð aðilum með menntun sem nýtist í starfi nefndarinnar. Þekking á þjálfun fimleika er kostur.

11. gr.  
*Hlutverk fræðslunefndar*

Fræðslu og útbreiðslunefndar hefur með höndum eftirfarandi hlutverk:

- a) Styðja við uppbyggingu, þróun og námskeiðahald á sérgreinahlutum FSÍ og á þjálfaranámskeiðum á grunn- og efri stigum fimleika í samvinnu við Fræðslustjóra FSÍ.
- b) Er hluti af þjálfaramenntunarkerfi ÍSÍ og fylgir þróun þess.
- c) Sér um þjálfaranámskeið utan þjálfarakerfis ÍSÍ og sérsambandanna þ.e. styttri sérhæfð námskeið sem lúta að fimleikaþjálfun.
- d) Sér um fræðslu um ýmis málefni sem koma að fimleikum fyrir þjálfara, stjórnarfólk, foreldra og iðkendur.
- e) Sér um að halda málþing í samvinnu við stjórn og eða tækninefndir FSÍ um málefni/málaflokka sem tengjast fimleikahreyfingunni.

12. gr.  
*Skipan nefndar um Fimleika fyrir alla*

Nefnd um Fimleika fyrir alla er skipuð fimm nefndarmönnum. Nefndin leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að fjölbreyttari þátttöku í fimleikum.

Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni.

13. gr.  
*Hlutverk nefndar um Fimleika fyrir alla*

Hlutverk nefndar um Fimleika fyrir alla er að:

- a) Auka fjölbreytileika iðkenda í fimleikum.
- b) Styðja við fjölbreytta starfsemi fimleikafélaga og -deilda.
- c) Leggja áherslu á verkefni fyrir iðkendur í fimleikum án keppni.

d) Leggja áherslu á að þjónusta sé til staðar fyrir öll börn, á þeirra forsendum.

14. gr.

*Skipan nefndar um fjáröflun- og markaðsmál*

Nefnd um fjáröflun- og markaðsmál er skipuð þremur mönnum. Einn nefndarmanna skal vera í stjórn FSÍ og einn nefndarmanna skal vera starfsmaður FSÍ.

15. gr.

*Hlutverk nefndar um fjáröflunar- og markaðsmál*

Nefnd um fjáröflunar- og markaðsmál hefur það hlutverk að:

- a) Leita nýrra fjáröflunarleiða og stuðla að framkvæmd þeirra.
- b) Gera tillögu um betri nýtingu og nýrra tekjuleiða FSÍ.
- c) Leggja fram tillögu um fjáröflun fyrir hvert starfstímabil.
- d) Kemur að kynningu og útbreiðslu fimleika hérlandis í samvinnu við stjórn, fagnefndir FSÍ og eða aðildarfélög FSÍ.

16. gr.

*Skipan laga- og reglugerðarnefndar*

Laga- og reglugerðarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum og þremur til vara sem kosnir eru á fimleikabingi til tveggja ára, sbr. 12. gr. laga FSÍ.

17. gr.

*Hlutverk laga- og reglugerðarnefndar*

Nefndin hefur það hlutverk að:

- a) Vera ráðgefandi aðili fyrir fimleikahreyfinguna hvað varðar lög og reglugerðir.
- b) Að vinna milli þinga að endurskoðun og breytingum á lögum og reglugerðum FSÍ samkvæmt samþykktum og tilmælum frá þingum, sambandsfundum og stjórn sambandsins.
- c) Fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum hjá FIG og UEG í samstarfi við skrifstofu FSÍ.

18. gr.

*Skipan Aga- og siðanefndar*

Aga – og siðanefnd er skipuð þremur nefndarmönnum. Nefndin skal starfa sjálfstætt, óháð skrifstofu og stjórn FSÍ.

19. gr.

*Hlutverk Aga- og siðanefndar*

Hlutverk Aga- og siðanefndar er að:

- a) Leiðbeinandi og ráðgefandi í málum sem snerta aga- og siðareglur.
- b) Ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti, ofbeldi eða kynferðislega- eða kynbundna áreitni í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ.
- c) Stuðla að og efla forvarnir með leiðbeiningum og fræðslu, m.a. til aðildarfélaga FSÍ.

20. gr.

*Skipan heilbrigðisnefndar*

Heilbrigðisnefnd er skipuð fimm til átta nefndarmönnum sem einnig myndar Fagteymi sambandsins.

21. gr.

*Hlutverk heilbrigðisnefndar*

Hlutverk heilbrigðisnefndar er að:

- a) Ábyrgðarmaður skal hafa menntun á sviði heilbrigðismála s.s. læknir, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari eða sjúkraflutningamaður.
- b) Ábyrgðarmaður skal hafa góða þekkingu á fyrstu hjálp.
- c) Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og aðildarfélag sambandsins um heilbrigðismál og fræðslu.

22. gr.

*Skipan kjörnefndar*

Kjörnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum og þremur til vara sem kosnir eru á fimleikabæing, sbr. 12. gr. laga FSÍ.

23. gr.

*Hlutverk kjörnefndar*

Hlutverk kjörnefndar er að:

- a) Finna hæft fólk til að starfa í stjórn og nefndum FSÍ.
- b) Hafa samband við aðila sambandsins og fá frá þeim tillögur um fólk til að starfa innan FSÍ.
- c) Skila tilnefningum að skipan stjórnar og þeirra nefnda FSÍ sem kosið er til á fimleikabæing, tveimur vikum fyrir fimleikabæing.

24. gr.

*Verkstjórn og verkaskipting fastanefnda*

Formaður fastanefndar er í forsvari fyrir nefndina og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verksviði nefndarinnar. Framkvæmdarstjóri FSÍ, í samvinnu við skrifstofu, ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og rekstri nefndanna.

25. gr.

*Boðun funda og fundarsköp fastanefnda*

Fastanefndir skulu koma saman eins oft og þurfa þykir. Formaður annast útsendingu fundarboðs og skal dagskrá fylgja fundarboði. Skrifstofa FSÍ skal fá afrit af fundarboðun og dagskrá fundar.

Fundardaga skal að jafnaði ákveða að hausti og senda meðlimum og skrifstofu með tölvupósti. Þó er leyfilegt, ef aðstæður krefjast þess, að boða aukafund með minnst sólarhrings fyrirvara. Í slíku tilviki skal útbúa sérstakt fundarboð þar sem efni fundar kemur fram og tryggja að allir meðlimir nefndarinnar og skrifstofa hafi vitneskju um fundinn.

Falli reglulegur fundur fastanefndar niður skal tilkynna nefndarmönnum og skrifstofu það sérstaklega með tölvupósti.

Formaður fastanefndar stýrir fundi, eða úthlutar til annars nefndarmeðlims. Formaður ákveður dagskrá hvers fundar og skal hver nefndarmaður eiga rétt á því að mál verði tekin fyrir á fundi nefndar enda ber hann fram ósk þar að lútandi innan hæfilegs frests áður en fundarboð er sent til nefndamanna.

26. gr.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða fastanefnda*

Fastanefndir skulu halda fundargerðir um það sem fram fer á nefndarfundum og skulu þær undirritaðar af þeim sem hann sitja. Bókanir í fundargerðir skulu a.m.k. innihalda:

- a) Fundartíma og fundarstað
- b) Hvaða nefndarmenn eru mættir
- c) Hver stýrir fundi
- d) Hver ritar fundargerð
- e) Dagskrá fundarins
- f) Ákvarðanir sem teknar eru
- g) Hvort nefndarmaður hefur vikið sæti vegna hæfis og ástæður þess

Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta lýsingu um afstöðu sína til ákvarðana sem teknar eru á nefndarfundum.

Fundarritari skal senda afrit fundargerðar til nefndarmanna og skrifstofu eigi síðar en viku eftir nefndarfund. Það sama á við um nefndarálit og erindi sem nefnd beinir til stjórnar.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Óheimilt er að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af nefndarstarfi.

Formanni er heimilt, með samþykki nefndar, að boða gesti á nefndarfund ef nauðsynlegt er vegna afgreiðslu einstakra dagskrárliða. Formaður skal kynna gestum starfshætti nefndarinnar hvað varðar þagnarskyldu.

27. gr.

*Sérstakt hæfi fastanefnda*

Nefndarmenn skulu víkja sæti ef fjallað er um málefni sem valda því að draga megi óhlutdrægni þeirra með réttu í efa. Skulu nefndarmenn þá ætíð víkja af fundi meðan umræða og afgreiðsla málsins stendur og skal þess getið með skýrum hætti í fundargerð. Ef ljóst er fyrirfram að nefndarmaður sé vanhæfur við afgreiðslu máls skal þess gætt að viðkomandi fái ekki fundargögn vegna þess máls ella skal nefndarmaður eyða gögnum um leið og ljóst verður að viðkomandi er vanhæfur vegna tiltekins máls. Formaður sker úr um hæfi einstakra nefndarmanna.

28. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar með stoð í 18. og 25. gr. laga um FSÍ og öðlast þær þegar gildi.

*Samþykkt af stjórn FSÍ nóvember 2020*